



Selfossi 7. des. 2011

Fundargerð stjórnar

105. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn þriðjudaginn 7. desember 2011 kl. 15.00 að Árvegi 1, Selfossi

Mætt:

**Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson,
Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri
og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð**

Formaður setti fund og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012

Eyþór fór yfir forsendur skiptinga framlaga vegna hækkunar brunabótamats. Framlög Árborgar hefur aukist hlutfallslega mest vegna hækkunar brunabótamats í sveitarfélaginu. Rætt um 70/30 skiptinguna og hvort það eigi að breyta henni.

Pétur fór yfir kostnað vegna BÁ á hvern íbúa eftir sveitarfélögum og samanburðarkönnun sem hann gerði við önnur sveitarfélög vegna kostnaðar 2010. Samþykkt að senda niðurstöðu könnunarinnar á alla stjórnar- og fulltrúaráðsmenn þeim til glöggvunar.

Tillaga að fjárhagsáætlun lögð fram.

Ólafur opnar umræðu um útboð á einstaka þjónustuliðum og innkaupum, sem t.d. hefur komið sér vel hjá þeim í Ölfusi. Kristján tekur undir með Ólafi og samþykkt að skoða þessi mál frekar.

Fyrirspurn um hvort megi nota litaða olíu á bíla til sparnaðar. Það er ekki talið borga sig þar sem akstur þeirra bíla sem það mega er ekki mikill.

Kristján taldi að áætlun fyrir 2011 muni standast, jafnframt kom fram að ný dæla vegna loftbanka hafi verið keypt á árinu þar sem sú gamla gafst upp en hún er frá árinu 1971.

Pétur sagði frá óvissuþáttum varðandi launapakkann en það er beðið eftir starfsmati til að fá nákvæmar upplýsingar.

Eyþór spurði út í rafmagn og hita en það var lækkað milli ára. Aðeins umræður um það.

Stjórnin samþykkir tillögu um fjárhagsáætlun 2012 og vísar til fulltrúaráðs.

2. Önnur mál

a) Málefni varðandi hugsanleg húsakaup BÁ.

Kristján sagði frá verðmati frá fasteignasala Lögmanna Suðurlands varðandi kaup á slökkvistöðvum í Árnessýslu. Eyþór sagði frá áætluðu kaupverði á Árvegi 1, miðað við lán sem Árborg hefur þurft að taka. Umræður um hugsanlega lántöku vegna húsakaupa. Tillaga að skoða Lánasjóð sveitarfélaga eða Lífeyrissjóði. Kristján sagði frá reynslu Fasteignafélags Shs. Þar hefur viðhaldskostnaðurinn komið verst við þá. Huga þarf að öðrum kostnaði s.s.fasteignagjöld o.þ.h.

Stjórnarmenn samþykkir að vinna þurfi í að fá kaupverð á slökkvistöðum og skoða betur fjármögnunarleiðir.

b) Sjúkraflutningur til BÁ

Umræður um hugsanlegt útboð á sjúkraflutningum á Suðurlandi frá H.Su. Erfitt að gera sér grein fyrir kostnaði þar sem ekki er búið að gera nýja kjarasamninga. Þegar þeir eru komnir er hægt að uppfæra líkanið sem fyrir er. Skoða þarf lífeyrisskuldbindingar og aðrar skuldbindingar. Samþykkt að skoða líkanið og vinna í málinu.

Stjórn telur nauðsynlegt að fylgjast með framvindu mála og undirbúa tilboð í sjúkraflutninga.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.55